



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Jafnréttisáætlun Leikskólans Undralands 2014 – 2017

Stefna Leikskólans Undralands er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, Jafnréttisstefnu skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings og Aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólastjóri (ásamt jafnréttisnefnd) ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans, útfærslu hennar og eftirfylgni. Árlega skal taka jafnréttisáætlunina til umræðu í starfsmannahópnum og útbúa aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Nemendur

Markmið:

- ❖ Námsframboð og viðfangsefni skulu höfða til beggja kynja
- ❖ Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir
- ❖ Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja
- ❖ Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans
- ❖ Virðing fyrir skoðunum og lífsgildum hvers og eins
- ❖ Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

Mat:

Leggja reglulega fyrir nemendur spurningar um t.d. líðan, sjálfsmýnd, áform og virkni. Er munur eftir kynjum? Ef svo er vinna þá sérstaklega með þær niðurstöður. Þetta sjálfsmat nemenda má einnig nota sem innlegg í foreldrasamtöl.

Markmið:

- ❖ Að nemendum líði vel í leikskólanum óháð kyni
- ❖ Kanna líðan, sjálfsmýnd, áform og virkni nemenda.
- ❖ Deildarstjóri gerir könnun ca. þrisvar á ári.

Námsefni:

Allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Það þarf að hafa að leiðarljósi að vinna með námsefni / kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum.

Markmið:

- ❖ Að kennslu- og námsgögn sem notuð eru í leikskólanum mismuni ekki kynjum.
- ❖ Að allt lesefni skólans sé yfirfarið út frá staðalmyndum kynjanna

Kennsluhættir:

Kennarar þurfa að beita sem fjölbreyttustum kennsluháttum og þar með reyna að nálgast mismunandi leiðir nemenda til að læra og fanga sem best áhuga þeirra og næmni til náms. Þannig er líklegast að bæði kynin fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín. Að nemendur hljóti fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa kynin undir jafna þáttöku í samfélaginu, svo sem fjölskyldu- og atvinnulífi.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Kennsla í jafnrétti:

Það er lykilatriði að vinna markvisst með jafnrétti í öllu starfi leikskólans. Allt skólastarf nemenda er samofið lífsleikniáherslum eða þjálfun í anda jafnréttis.

Skólanámskrá:

Í allri námsáætlanagerð verður að vinna sérstaklega með jafnrétti kynjanna að leiðarljósi. Allir grunnþættir menntunar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Hver og einn kennari verður að skoða það efni sem nemendur vinna með, þær áherslur sem kennari leggur í skólastarfinu í daglegu samneiti við nemendur, það gildismat sem ríkir í skólanum / nemendahópnum og þær kennsluáðferðir sem unnið er eftir. Nauðsynlegt að vinna meðvitað gegn ríkjandi kynímyndum og námsvali.

Kynferðisleg áreitni :

Það þarf að gera nemendum ljóst að kynferðisleg áreitni verði aldrei liðin í skólanum. Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Það þarf að setja meðferð slíkra mála í ákv. farveg sbr. einelti og áföll. Nemendur eiga alls ekki að sætta sig við kynferðislega áreitni. Það þarf að gera nemendum grein fyrir því að áreitni getur birst í mörgum myndum s.s. í orðum eða látbragði og að þölmörk einstaklinga eru mismunandi. Nemendur eiga hvorki að sætta sig við áreitni af hendi samnemenda né starfsmanna skólans.

Virkt samvinna við stoðþjónustuna; Félagsþjónustuna, Barnavernd, Barnahús og lögreglu er nauðsynleg til þess að hægt sé að tryggja sem best velferð nemenda. Ef upp kemur grunur / víska um að nemandi hafi orðið fyrir kynferðislegu áreiti í skólanum eða utan hans skal samstundis haft samband við barnaverndaryfirvöld og Barnahús. Hafa ber samband við foreldra ef þeir tengjast á engan hátt meintu áreiti. Gagnkvæm og traust samvinna við heimili nemenda og ýmis félagasamtök t.d. Íþróttafélög, félagsmiðstöð og félagasamtök þarf að vera til staðar.

Kynning :

Árlega skal kynna jafnréttisáætlun skólans. Það má gera með ýmsum hætti t.d. á foreldrafundum og á heimasíðu skólans. Skólanámskrá Leikskólans Undralands.



Foreldrar

- ❖ Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
- ❖ Beina skal samskiptum og orðum jafnt til fedra og mæðra þegar um sameiginlegt forræði barns er að ræða, hvort sem foreldrar eru í sambúð eða ekki.
- ❖ Markmið að mæður og feður taki jafnan þátt í skólastarfinu.
- ❖ Að starfsfólk skólans sé meðvitað í samskiptum við foreldra og útiloki ekki annað foreldrið á grundvelli kyns

Stuðlað skal að því að jafnvægi sé í samskiptum við foreldra barnanna. Öll bréf sem fara til foreldra skulu stíluð á báða foreldra og hafa skal samband jafnt við báða foreldra þegar þarf að ræða málefni barna t.d. vegna veikinda þeirra, foreldrasamtala o.fl. Um samskipti við foreldri sem ekki fer með forsjá barns fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Forvarnir

Í upphafi skólagöngu nemenda hefst forvarnarstarf gegn einelti, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti nemenda innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti og ofbeldi. Öll áhersla á vináttu og vinatengsl er mikilvæg. Þá er áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar nemanda mikil forvörn því ef nemandi hefur sterka sjálfsmynd ætti hann að vera betur í stakk búin að takast á við, ef hann lendir í eða verða vitni að einelti. Hlutverk kennara og starfsmanna sem fyrirmyndir skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti. Kennarar og aðrir starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum nemenda því einelti byrjar oft í smáum og duldu atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.

Stuðla skal að því að stjórnendur, kennarar og starfsmenn skóla fái fræðslu um mikilvægi forvarna.

Kennarar og aðrir starfsmenn

Vísað er í jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps <http://www.fludir.is>

Leikskólinn vinnur eftir jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps þar sem kveðið er á um markmið og gerð áætlunar um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19. – 22. grein laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.